

**Stofnanasamningur  
milli  
Eflingar - stéttarfélags  
og  
Seðlabanki Íslands  
um forsendur röðunar starfa við stofnunina.**

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS hins vegar, dags. 7. apríl 2004 ásamt síðari breytingum.

**1 Gildissvið**

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna Seðlabanka Íslands sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS hins vegar, dags. 7. apríl 2004.

**2 Forsendur röðunar**

Röðun starfa/starfsmanna í launaflokka er á grundvelli:

1. Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum, sbr. lið 3 í þessu samkomulagi um þætti er ráða grunnröðun starfa og lið 4 í þessu samkomulagi um persónubundna þætti.
2. Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd Eflingar-stéttarfélags og Seðlabanka Íslands.

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem forðemi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum viðkomandi stofnun. Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum starfsmanna.

**3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:**

**Grunnröðun**

Sumarstarfsmaður í mötuneyti á 1. sumri .....	Lfl 5 – 3. þrep
Sumarstarfsmaður í mötuneyti á 2. sumri .....	Lfl 5 – 4. þrep
Sumarstarfsmaður í mötuneyti á 3. sumri .....	Lfl 5 – 5. þrep
Sumarstarfsmaður í mötuneyti á 4. sumri .....	Lfl 5 – 6. þrep
Starfsmaður í mötuneyti með umsjón verkefna og ábyrgð .....	Lfl 6 – 6. þrep

Vegna breytinga á starfsemi stofnunarinnar geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

<b>4 Annað sem áhrif hefur á einstaklingsröðun</b>	<b>Lfl.</b>
<b>Menntun umfram grunnkröfur starfs allt að .....</b>	<b>1</b>
Starfsmaður sem sótt hefur 50 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi .....	1
<b>Starfsreynsla .....</b>	<b>6</b>
Starfsmaður sem öðlast hefur 1 árs starfsreynslu við sambærileg störf .....	1
Starfsmaður sem öðlast hefur 3ja ára starfsreynslu í Seðlabankanum .....	1
Starfsmaður sem öðlast hefur 5 ára starfsreynslu í Seðlabankanum .....	1
Starfsmaður sem öðlast hefur 7 ára starfsreynslu í Seðlabankanum .....	1
Starfsmaður sem öðlast hefur 9 ára starfsreynslu í Seðlabankanum .....	1
Starfsmaður sem öðlast hefur 15 ára starfsreynslu í Seðlabankanum .....	1

#### **5 Réttur til endurmats á röðun starfs**

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar Eflingar-stéttarfélags og Seðlabanka Íslands.

#### **6 Orlofsréttur**

Orlofsréttur tekur mið að samningi bankamanna.

#### **7 Endurskoðun**

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SGS og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

#### **8 Gildistími**

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. maí 2008

Reykjavík, 22. júlí 2008

f.h. Seðlabanka Íslands  
(*sign*)

f.h. Eflingar - stéttarfélags  
(*sign*)

## **Sérákvæði varðandi fasta starfsmenn í mötuneyti**

Fastir starfsmenn í mötuneyti fá greitt sem nemur einum mánaðarlaunum í desember í stað desemberuppbótar skv. grein 1.7.

Fastir starfsmenn í mötuneyti fá greitt orlofsframlag samkvæmt kjarasamningi bankamanna í stað orlofsuppbótar skv. grein 4.2.2.